



Skólaráðsfundur 29. október 2021 á svæði 4 í Vogaskóla

Dagskrá

1. Hlutverk skólaráðs
2. Kynning á skólaráðsfólki
3. Skipulag funda skólaárið 2021 – 2022
4. Skólalóð Vogaskóla
5. Skipulag í desember
6. Önnur mál

Fundinn sátu:

Rannveig Möller og Hrefna Hjartardóttir (kennarar), Hulda María Gunnarsdóttir (stuðningsfulltrúi), Snædís Valsdóttir (skólastjóri), Ólafur Þór Jónsson (forstöðumaður Buskans) Esja Sveinbjörnsdóttir, Grímur G Einarsson, Jökull Jóhannsson (fulltrúar nemenda), Edda Sigurðis Oddsdóttir (fulltrúi foreldra), Sædís Sif Harðardóttir (forstöðumaður Vogasels).

Ritari: Hrefna Hjartardóttir

Fundargerð

Skólaráð kynnti sig.

Snædís kynnti hlutverk skólaráðs. Í vetur munum við líklega þurfa að ræða skólahúsnæðið því nemendum hefur fjölgað mikið í skólanum, um ca. 30 milli ára og er enn að fjölga.

Skólalóðin

Munum einnig ræða skólalóðina því það er stefnt að endurbótum á henni. Það á að setja gervigras á fótboltavöllinn, skipta um leiktæki á leiksvæði, setja skífur á körfuboltavöll (nýtt undirlag) og nýjar körfur. Starfshópur kennara og nemenda má koma með óskalista um ný leiktæki og sýn á svæðið frá fótboltavellinum og að körfuboltavellinum. Hægt að nota Borgarvefsjá og skoða skólalóðir hjá öðrum skólum/fara og skoða. Framkvæmdir verða í sumar. Vogasel ætlar í rannsóknarleiðangur með nemendum að skoða skólalóðir og fá hugmyndir.

Edda stakk upp á að fá 3 nemendum af hverju stigi. Hitta þá hópa í sitthvoru lagi. Kennarar óska eftir hverjir vilja vera í hópi og svo er dregið úr þeim. Við þurfum að koma hugmyndavinnunni sem fyrst í gang hér í skólanum.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Skólaráði finnst stefna Reykjavíkurborgar vera flott og góð en við sjáum ekki hvernig á að ná þessu fram. Okkur hefði langað að sjá tímasettar vörður og áætlun. Reykjavíkurborg hefur búið til gátlista til að sjá hvar skólinn sé staddur í sambandi við stefnuna. Buskinn og Vogasel nota líka gátlistana. Buskinn, skólinn og Vogasel vinna saman að því að tryggja nemendum læsi í víðu samhengi í sambandi við menntastefnuna.

Við erum ánægð að það eigi að leggja meira í stuðning og þjónustu fyrir nemendur. Okkur finnst ekki fara saman að það sé verið að draga úr fjármagni í þessa flokka. Við upplifum minni þjónustu og minna fjármagn í þessum flokki.

Það á að reyna að tengja saman Velferðarsviðið og Skóla og frístundasvið og reyna að tengja saman úrræðin sem þau bjóða upp á (ný velferðarlög).

Nýtt úthlutunarlíkan fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar er komið og er byggt á allt öðrum þáttum en gamla líkanið. LOI stuðull stýrir miklu, þá er reiknað út frá samsetningu í hverfinu, hvernig fólk býr í þessu hverfi og hvernig þarf að þjónustu þá nemendur. Það stýrir hversu mikið fjármagn kemur í stuðning í skólanum.

Skólaráð sendir frá sér umsögn um aðgerðaáætlunina.

Starfsáætlun Vogaskóla

Uppfæra þarf lista yfir bekkjarráðsfulltrúa sem og starfsáætlun skólaráðs. Vogaskóli er að endurnýja áætlun gegn einelti og setur nýju stefnuna í starfsáætlun Vogaskóla fyrir næsta ár (eða hlekk á hana á heimasíðu skólans).

Íþróttahús

Ræddum að Vogaskóli þyrfti að eiga íþróttahús. Eðlilegra að Vogaskóli eigi íþróttahús heldur en MS. Samskipti milli ríkis og borgar varðandi leigu á íþróttahúsinu hjá MS eru mjög stíð. Það hefur verið í umræðunni að byggja fjölnotaíþróttahús í Laugardalnum, það myndi ekki nýtast Vogaskóla, það er of langt í burtu. Við þurfum íþróttahús hér sem við höfum aðgang að.

Skólaráð ætti að semja ályktun um íþróttahús og senda

- íþróttahús í Laugardalnum myndi ekki nýtast okkur, það er of langt í burtu
- íþróttahús hjá Vogaskóla gæti létt á húsnæðisvanda skólans, það væri þá hægt að nýta íþróttahúsið í fleira en bara íþróttir
- í takt við menntastefnu Reykjavíkurborgar er áhersla á heilbrigði og lýðheilsumál. Það hafa verið gerðar margar rannsóknir sem sýna kosti þess að auka hreyfingu barna í náminu.

Buskinn er líka sprunginn, þar vantar nýtt húsnæði

Skólaráð þyrfti líka að semja ályktun um það.

Skipulag í desember

Helgileikur

Hér er fjölmenningsleggt samfélag og helgileikurinn er bara ein trúarbrögð. Mætti leyfa börnunum að semja sinn eigin helgileik (Sædis stakk upp á því, Grími fannst það góð hugmynd). 10. bekkurinn hefur leikið helgileikinn. Þetta gæti heitið **Jólahefðin** og verið

söngur og smá leikrit og gæti breyst milli ára. Helgileikurinn er mjög flottur, flott þegar þau eru í Skálanum. Jólin eru eldri en kristin trú, þetta er hátíð ljóss og friðar
Jökull stakk upp á að Skrekk hópurinn myndi búa til leikrit.

Væri hægt að hafa nýtt valfag = Jólaleikrit

Kórinn er stór hluti af leikritinu, æfingar hafa byrjað í lok nóvember og mest af æfingunum fara í sönginn. Leikritið sjálft er bara æft sjaldan.

Viðburðarstjórnun og að æfa leikrit gæti verið stór hluti af námi barna.

Þetta þarf ekki að vera leikrit, gæti verið upplestur/frásögn.

Eða bara söngur.

Værum að hugsa um 20 mínútna dagskrá sem væri hægt að sýna öllum árgöngum.

Hátíðleikinn er svolítið í rökkriu og kertunum og 30 börnum, eins klædd með kerti að lýsa upp og syngja.

Það er meirihluti í skólaráði um að það verði ekki Helgileikur heldur eitthvað annað í staðinn næstu árin.

Skólaráð vísar því til 10. bekkjar (nemenda og umsjónarkennara) að ræða hvaða fyrirkomulag þau vilja hafa á Helgileiknum. Þau ræða það á mánudaginn. Nemendur í skólaráði ætla að koma inn í umræðuna í bekkjunum.

Kirkjuferð

Fara kannski frekar í friðargöngu um hverfið með kyndla.

Skólaráðið samþykkir að kirkjuferðin verði frekar friðarganga um hverfið með kyndla og sungið verður í göngunni.

Önnur mál

Skóladagatal

Skólaráð vill taka jólaball af mánudeginum 20. des og setja jólaball (eða eitthvað þvíumlíkt) á föstudaginn. Og hafa frekar vorhátíð eða góðgerðardag síðdegis (sveigjanlegan dag) í vor.

Vogasel yrði þá opið allan daginn 20. desember í staðinn.

Skólaráð samþykkir þetta og vill sækja um leyfi til skóla – og frístundaráðs fyrir því að breyta skóladagatalinu.

Næsti fundur

Skólaráð ætlar að funda 17. nóvember, aftur kl 8:00 í Vogaseli.

Fyrir næsta fund ætlar Vogasel að vera búið að fara í vettvangsferð að skoða skólalóðir.

Ræða skipulag desember fyrir fundinn.

17. nóvember kl 8 verður næsti fundur. Vogasel.